# Tryggingabréf
# Vegna láns til Sameignafélagsins Faxa

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Trygginabréf – Lán – Sameignarfélagið Faxi – Ríkissjóður - 1949

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-13, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# T r y g g i n g a r b r é f

Til tryggingar allt að $650.000.00 - sex hundruð og fimmtíu þúsund U.S.A. dollurum - láni, sem ríkissjóður hefur lofað að veita sameignarfélaginu Faxa, Reykjavík, og að nokkru leyti er þegar veitt, veðsetur sameignarfélagið ríkissjóði með 1. veðrétti fasteignir þess, síldarverksmiðju á Grandagarði, ásamt öllu, sem henni tilheyrir, þar með taldar vélar allar og áhöld, geymar og öll önnur mannvirki, ásamt lóðarréttindum.

Eignin er veðsett með vátryggingarfjárhæðum og lofar sameignarfélagið að halda henni vel við.

Skuldabréf fyrir láni þessu verða gefin út þegar nákvæmlega er hægt að ákveða fjárhæð þeirra. Þetta lánsfé er hluti af láni, er ríkisstjórnin hefir tekið í Bandaríkjunum til viðreisnar ísl. atvinnurekstri (svonefndu Marshall-láni), og svo er um samið á milli stjórnar s.f. Faxa og ríkisstjórnarinnar, að fari svo, að ríkisstjórnin þurfi ekki að endurgreiða Marshall-lánið, þá beri s.f. Faxa að endurgreiða lán þetta með því gengi á U.S.A. dollurum, sem verða kann á gjalddögum, en þó ekki hærra gengi en var, er ríkisstjórnin tók sitt lán, í ágúst 1948. Komi til endurgreiðslu ríkisstjórnarinnar á einhverjum hluta Marshall-lánsins, gilda framangreind ákvæði um gengi á U.S.A. dollurum, hlutfallslega, miðað við lánsfjárhæð s.f. Faxa á móts við allt lánið, er ríkisstjórnin tók á fyrrgreindum tíma, en hámarksákvæðið gildir ekki um þann hundraðshluta lánsins, sem ríkisstjórnin verður að endurgreiða. Í skuldabréfi verða sett nánari ákvæði um þenna gengisfyrirvara.

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af láninu, ef lögveð fellur á hinar veðsettu eignir eða fjárnám er gert í þeim eða þær verða settar á uppboð skal heimilt að ganga að veðinu samkvæmt 13.gr. laga nr. 29 1885 eða selja þær samkvæmt 39.gr. laga nr. 95 1947, sbr. 3.gr. laga nr. 18 1887.

Rísi mál út af veðsetningunni, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt XVII. kaflu laga nr. 85 1936.

Reykjavík, 14 nóvbr. 1949

Stjórn sameignarfélagsins Faxi

Vitundarvottar: